

DAGLEGT LÍF

9. nóvember 2008

Einkennistré Malaví og víða um lönd í Afríku. Sólarlag og degi lokið.



Í Malaví Svipmyndir úr dagsins önn

Stefán Jón Hafstein

Daglegt líf í Malaví er umfram allt litskrúðugt.

Markaðir, vatnið stóra, fólk að störfum, aðrir að leik, aldrei er

langt í lífsbaráttuna en styttra í brosið. Fólk sem býr stöðugt á mörkum hins byggilega heims í þeim skilningi að sjúkdómar, hungur

eða óáran í annarri mynd knýr dyra hvenær sem er. En á meðan heldur lífið áfram í öllum sínum fallegu myndum.



Vatn er líf

Íslendingar gefa vatnsból og brunna, kamra og kenna hreinlæti

Þessi kona dælir úr brunni sem Íslendingar gáfu til héraðsins. Við stefnum að því að hundrað þúsund manna byggð í kringum Apafloa við Malavívatn fái aðgang að hreinu vatni, að aldrei sé lengra en 500 metrar í næsta vatnsból.

Heimamenn leggja fram vinnu, við efni, svo erum við með vaska sveit manna sem kenna hreinlæti, notkun umhverfisvænna kamra og handþvotta að notkun lokinni.

Markmið er að fækka smitsjúkdómum og kólerufaröldrum.



Annar drykkkur!



Carlsberg í Malaví 40 ára

Bjórverskmiðjurnar frægu voru eitt fyrsta erlenda fyrirtækið til að slá niður tjaldhælum í Malaví. Nú eru 40 ár síðan og mikil herferð í gangi til að minna

íbúa á að drekka nú „grænan“ stöku sinnum. Margir Malava telja Carlsberg innlendan bjór. Í tilefni afmælisins var byrjað að selja „Elefant“ í landi fílsins!

Bátasmiðir
höggva til
eintrjánung



Alltaf nóg að gera

Bátasmiðir taka sér pásu frá erfiðu verki, eintrjánungarnir eru notaðir á vatninu til flutninga og veiða. Á meðan grafa aðrir brunn sem er hluti af verkefni

Þróunarsamvinnustofnunar. En andalæknir auglýsir góð sambönd við handanheima og tekur á móti öllum sem erfiði og þunga eru hlaðnir.



TÍSKAN ER Í TRJÁNUM

Vindurinn
feykir
ústillingum
söluanna
og konur í
innkaupum
skoða úrvalið



Svarið er í vindinum
Það þarf ekki hús til að opna búð





Hann bað sérstaklega um að fá að sitja fyrir og setti sig í stellingar eins og Hr. Calvin Clein Afríku.

Það er ekki tilviljun að hann hallar sér upp að bílunum!



Súpermódel vex úr grasi

Piltarnir voru að brenna múrsteina enda kappsmál áður en regntíminn skellur á.

Peyjarnir voru í boltanum, búnir að súrra saman pokum, hálm og plasti utan um til að hafa knöttinn nógu öflugan.

Þá tók sig einn af múrsteinsbrennumönnum út og bað um að tekin yrði mynd, flott súpermódelmynd, ekkert annað. Það sagði látbragðið þegar hann hallaði sér upp að vélarhlífinni og setti upp heillandi augnaráð



VEIÐIMENN

Sunnudagur og strákar
halda heim eftir góða morgunveiði, með bambus-tangir og kippu af fiskum



Lífið við Malaví vatn

Lífsbjörg og leikur

Strákarnir veiða á stöng á klettunum eða í net við sandströndina en úti á öldunni eru stærri bátar og knáir karlar að ná í björg í bú.





Eru stórar systur alls staðar eins? Skamma litla bróður en knúsa bestu vinkonuna.



Að leik á ströndinni






Stresslaust með blómum

hugarróandi að vera stöðugt innan um blómahaf.

Það er óneitanlega eitthvað sálarstillandi og



Hvar sem er, hvenær sem er.



PÓLÍTÍK Á FULLU



Stuðningsmenn forsetans mynda breiðfylkingu á hjólum íklæddir bolum, pilsum og sveipaðir

fánum til að hvetja sinn mann. Ósköp venjulegur dagur í sveitinni, aðeins átta mánuðir í

kosningar! Vegaskilti segja að forsetinn styðji kjúklingarækt.



Heimasmíðuð hljóðfæri, þegar ekki eru til peningar hættu menn ekki að spila. Þeir stofna hljómsveit. En fyrst er að smíða hljóðfærin



Tálgaðir gítarhálsar, málmþynnur sem diskar, tappar af flöskum og auðvitað skinnbumbur. Nóg í hljómsveit.

TRÉ Í BLÓMA

9. nóvember 2008

Fjólublá
eins og ljós
við barinn



Jacaraka tré eru fjólublá en Logatré loga!

Malaví er land í blóma, „Hið heita hjarta Afríku” geislar fegurð blóma og trjáa. Í september er

höfuðborgin glæsileg með fjólublá Jacaraka tréin meðfram breiðstrætum og svo taka við „Logatré” um

allt land til að bæta um betur. Nýjasta farsímafyrirtækið auglýsir grimmt líka.





Allt á höfðinu. Byrðar heimsins eru léttari ef maður notar höfuðið.



14 milljónir manna

í landi á stærð við Ísland, ein milljón munaðarlausra barna

